

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reykhólahrepps á Reykhólum og í Króksfjarðarnesi.

1. gr.

Vatnsveita Reykhólahrepps í umboði hreppsnefndar Reykhólahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Sveitarstjóri, undir yfirumsjón hreppsnefndar, fer með framkvæmdastjórn er vatnsveituna varðar, bæði nýbyggingar og viðhald allt og umsjón. Heimilt er hreppsnefnd að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu veitunnar er þurfa þykir.

3. gr.

Hver sá sem vill fá tengingu við vatnsveituna, skal senda skriflega umsókn þar um til skrifstofu hreppsins, með upplýsingum um væntanlega vatnsnotkun.

4. gr.

Skylt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við. Umsjónarmanni og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna og lóðir, þar sem vatnsleiðslur liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Telji þeir búnaði ábótavant, skal það tilkynnt húseiganda og tafarlausa úrbóta krafist. Sé því ekki sinnt innan tilskilins frests, skal umsjónarmaður veitunnar láta framkvæma úrbætur á kostnað húseiganda.

5. gr.

Vatnsveita Reykhólahrepps hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni, eða loka fyrir vatnið vegna hreinsunar, eða framkvæmda við vatnsveituna. Tilkynna skal notendum um slíka lokun, ef tók eru á. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir sem þeir telja nauðsynlegar, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða vatnsæðum í einkaeign.

6. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar, takmörkun á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum, enda skal tilkynna um truflun sé þess kostur.

7. gr.

Hver sá sem veldur spjöllum á mannvirkjum vatnsveitunnar, saugar vatnsæðar hennar, eða truflar rekstur hennar á annan ólögmatan hátt, skal bæta tjónið að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggir við að lögum.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óþægindi og takmörkun afnotaréttar, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, náist samkomulag ekki.

9. gr.

Af öllum húsum sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitunni skal greiða árlegan vatnsskatt:

- a) Af öllum húsum, 0,30% af fasteignamati viðkomandi húss og lóðar, lágmarksgjald hverrar sjálfstæðrar íbúðar (eða matshluta) skal þó vera kr. 4 000, en hámarksgjald kr. 11 000.
- b) Fyrir meiri vatnsafnot skal greiða aukavatnsgjald sem hér segir: Þegar um er að ræða fyrirtæki sem nota mikið vatn, getur vatnsveitan ákveðið að settur skuli upp mælir. Vatnsveitan skal sjá um uppsetningu, en notandi annast viðhald hans og hefur umsjónarmaður vatnsveitu rétt til eftirlits með því viðhaldi. Nú vanrækir notandi viðhald mælisins og skal vatnsgjald þá reiknað eftir þeirri vatnsnotkun sem mest hefur orðið næsta ár á undan miðað við einn ársfjórðung, þann tíma sem mælirinn er í ólagi. Gjald fyrir vatnsafnot samkvæmt mæli skal vera kr. 11 fyrir hvern rúmmetra.
- c) Tengigjald skal vera kr. 40 000.

Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

10. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtur og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og fasteignaskatts, nema hvað þeir sem kaupa vatn samkvæmt b) lið 9. gr. skulu greiða vatnsgjaldið ársfjórðungslega.

11. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari, önnur en vatnsskattur sem reiknast af fasteignamati húsa og lóða, miðast við byggingarvísitölu 1. febrúar 1991 (176,8 stig) og breytast til samræmis við hana einu sinni á ári, 1. október ár hvert.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi fasteign næstu tvö ár frá gjalddaga, með forgöngurétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947 og vatnalögum, nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Reykhólahrepps, nr. 35/1990.

Félagsmálaráðuneytið, 2. september 1991.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Pórhildur Línadal.